

73.Fundur Íþróttta- og æskulýðsnefndar var haldinn í íþróttahúsi Snæfellsbæjar.

Þriðjudaginn 6.október 2015 kl 18.00

Á fundinn mættu:

Rán Kristjánsdóttir, Brynja Mjöll Ólafsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir,  
Björn Hilmarsson og Ása Gunnarsdóttir

**1. Fjárhagsáætlun**

Undirbúningur er hafinn hjá Sigrúnu Ólafsdóttur. Rætt var um að bæta við 50% starfi í Félagsmiðstöðinni fara úr 100% í 150%. Hugsunin er að lengja opnunartímann frá 17 á daginn og bæta föstudögum við. Búið er að bæta aðstöðuna mikið, leggja parket í tv herbergið, bæta við ofnum, þétta glugga og mála.  
Áhveðið að skoða möguleikana á hjólabrettasvæði vegna mikils áhuga núna. Athuga hvort hægt sé að setja upp vatnsfont við gerfigrasvöllinn fyrir krakkana. Athuga með girðingu við túnið fyrir neðan heilsugæsluna. Einnig setja heilsudaga inn á fjárhagsáætlun.

**2. Afdrep**

Landsmót Samfés verður á Akranesi 9 -11 okt. Fara fjórir fulltrúar unglunga ásamt starfsmanni.

**3. Önnur mál**

Forvarnardagurinn verður haldinn 7. október  
Umræður voru um útivistartíma unglunga vegna opnunartíma sundlaugar. Þar eru alveg skýrar reglur, útivistartíminn gildir og þurfa börn að fara uppúr lauginni í síðasta lagi 19.30  
Vegna fréttu um skaðsemi gummikúlanna á sparkvöllum landsins þá bíðum við viðbragða KSI og væntum við yfirlýsinga frá þeim fljótlega. Búið er að kanna með kostnað bæði vegna hreinsunar og skiptingu efnis og er hann mikill. Við viljum óska, Birtu Guðlaugsdóttir að vera valin í U16 - og Ivari Antonsyni í U17 úrtakshópa, innilega til hamingju. Glæsilegt hjá þeim

Fundi slitið 19.15